

Stefnandi á sjóveðrétt í m/s Stálvík, SI 1, til tryggingar fjárhæðum þessum.

Fimmtudaginn 1. júní 1978.

Nr. 172/1976. **Ragnhildur Smith**

(Gunnlaugur Þórðarson hrl.)

gegn

**forsetum Alþingis f. h. Alþingis og
fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**

(Þorsteinn Geirsson hrl.).

Launakrafa. Jafnlaunaráð. Sératkvæði í héraði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Logi Einarsson og Magnús P. Torfason og Þorsteinn Thorarensen borgarfégeti.

Héraðsdóminn kváðu upp Már Pétursson setudómari og samdómendurnir Hákon Guðmundsson, fyrrverandi yfirborgardómari, og Adda Bára Sigfúsdóttir veðurfræðingur.

Áfrýjandi hefur áfrýjað máli þessu með stefnu 24. september 1976. Krefst hún þess aðallega, að stefndu verði dæmt að greiða henni 100.728 krónur „auk 7% ársvaxta af kr. 4.680.- frá 31.1.1973 til 28.2.1973, af kr. 9.965.- frá þeim degi til 31.3.1973, af kr. 14.680.- frá þeim degi til 30.4.1973, af kr. 20.000.- frá þeim degi til 31.5.1973, af kr. 25.330.- með 9,5% ársvöxtum frá þeim degi til 30.6.1973, af kr. 30.910.- frá þeim degi til 31.7.73, af kr. 36.505.- frá þeim degi til 31.8.73, af kr. 42.110.- frá þeim degi til 30.9.73, af kr. 48.075.- frá þeim degi til 31.10.73, af kr. 54.046.- frá þeim degi til 30.11.73, af kr. 60.100.- frá þeim degi til 31.12.73, af kr. 65.232.- frá þeim degi til 28.2.74, af kr. 70.364.- frá þeim degi til 31.3.74, af kr. 75.815.- frá þeim degi til 30.4.74, af kr. 81.262.-

frá þeim degi til 15.5.74, en með 13% ársvöxtum af kr. 81.262.- frá 15. maí 1974 til greiðsludags.“

Til vara krefst áfrýjandi þess, að stefndu verði dæmt að greiða henni 73.255 krónur „auk 7% ársvaxta af kr. 3.744.- frá 31.1.73, af kr. 7.488.- frá 28.2.1973, af kr. 11.765.- frá 31.3.1973, af kr. 16.010.- frá 30.4.73, af kr. 20.357.- frá 31.5.73, með 9.5% ársvöxtum af kr. 24.821.- frá 30.6.73, af kr. 29.200.- frá 31.7.73, af kr. 33.675.- frá 31.8.73, af kr. 38.160.- frá 30.9.73, af kr. 42.937.- frá 31.10.73, af kr. 47.715.- frá 30.11.73, af kr. 51.500.- frá 31.12.73, af kr. 54.066.- frá 1.1.74, af kr. 56.632.- frá 28.2.74, af kr. 59.198.- frá 31.3.74, af kr. 61.923.- frá 30.4.74, af kr. 63.650.- frá 31.5.74 til 15.5.74, en með 13,5% frá þeim degi til greiðsludags.“

Til þrautavara krefst áfrýjandi þess, að stefndu verði dæmt að greiða henni 30.555 krónur „auk 7% ársvaxta af kr. 1.872.- frá 31.1.73, af kr. 3.744.- frá 28.2.73, af kr. 5.863.- frá 31.3.73, af kr. 7.929.- frá 30.4.73, af kr. 10.121.- frá 30.5.73 með 9.5% af kr. 12.358.- frá 30.6.73, af kr. 14.575.- frá 31.7.73, af kr. 16.910.- frá 31.8.73, af kr. 19.137.- frá 30.9.73, af kr. 21.586.- frá 31.10.73, af kr. 23.995.- frá 30.11.73, af kr. 26.575.- frá 31.12.73 til 15.5.74, en frá þeim degi til greiðsludags með 13% ársvöxtum.“

Í öllum tilvikum krefst áfrýjandi málskostnaðar úr hendi stefndu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast aðallega staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti, en til vara lækkunar á kröfum áfrýjanda og að málskostnaður verði látinn niður falla.

Fyrir Hæstarétt hafa verið lögð nokkur ný gögn.

Í máli þessu krefur áfrýjandi stefndu um vangreidd laun fyrir tímabilið frá 1. janúar 1973 til aprílloka 1974, en þá lét hún af störfum hjá Alþingi.

Áfrýjandi hefur hvorki sannað, að henni hafi verið greidd lægri laun en hún átti tilkall til samkvæmt ráðningarsamningi sínum, kjarasamningum eða ákvæðum laga né að henni hafi verið mismunað vegna kynferðis, svo sem hún heldur fram, er henni voru ekki greidd sömu laun og fulltrúa, sem einnig

starfaði hjá Alþingi. Þegar af þessum ástæðum ber að staðfesta hinn áfrýjaða dóm.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Samkvæmt 35. gr. laga nr. 38/1954 fara forsetar Alþingis með aðild varðandi réttindi og skyldur starfsmanna þingsins. Var því eigi ástæða til að beina málssókn þessari að stefnda fjármálaráðherra.

Það er athugavert, að svonefnd aðiljaskýrsla áfrýjanda, sem lögð var fram í héraði, hefur að geyma málflutning af hennar hendi. Enn fremur athugast, að í greinargerð lögmanns áfrýjanda hér fyrir dómi felst skriflegur málflutningur.

Í skjölum málsins, greinargerð lögmanns áfrýjanda fyrir Hæstarétti og í málflutningi hans hér fyrir dómi eru sett fram óhæfileg ummæli um nafngreindan mann vegna skýrslna hans í málinu. Ber að víta lögmanninn, Gunnlaug Þórðarson hæstaréttarlögmann, harðlega fyrir ummælin.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Málskostnaður fyrir Hæstarétti fellur niður.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 17. september 1976.

1.0

1.1. Mál þetta, sem dómtekið var hinn 10. þ. m., hefur frú Ragnhildur Smith, Bólstaðarhlíð 60, Reykjavík, höfðað fyrir dómnum með stefnum, birtum 3. desember 1974, á henduur fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og forsetum Alþingis f. h. Alþingis. Sakarfninu er svo lýst í stefnu:

„Stefnandi hefur starfað sem þingskrifari hjá Alþingi undanfarin ár, í ígripum 1966—1972, en sem fastur starfsmaður frá 1. jan. 1973, en aðeins eftir hádegi og launin miðuð við 4/7 fastra launa í þeim launaflokki, sem þingskrifarar taka laun. Við ráðningu var stefnanda tjáð, að laun samkv. 13. launafl. (efsta þrepi) ætti við um starf hennar. Það kom hins vegar á daginn, að stefndi, Alþingi, greiddi hærri laun til karlmanns, sem var þingskrifari og vann sambærilegt verk, eða samkv. 18. launafl. Var stefnandi minnug ákvæða laga um launajöfnuð karla og kvenna nr. 69/1961 og

einnig kunnugt um frumvarp um Jafnlaunaráð, sem Alþingi fjallaði um og er lög nr. 37/1973, og vildi ekki sætta sig við misrétti þetta. Hins vegar náðist ekki nema óveruleg leiðrétting í jan. 1974, og hvarf stefnandi úr starfi, fyrst og fremst vegna óánægju, í apríl sama ár.“

2.0

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þessar:

Aðalkrafa: Stefndu verði gert að greiða stefnanda 4/7 hluta mismunar launa 13. og 18. launafl., efsta þreps, frá 1. jan. 1973 til 31. des. 1973, kr. 66.436, og sams konar mismunar 17. launafl. og 21. launafl. frá 1. jan. 1974—30. apríl 1974, kr. 21.162, auk 15% uppbóta, eða kr. 13.130, eða alls kr. 100.728, auk 7% ársvaxta af kr. 4.680 frá 31. jan. 1973 til 28. febr. 1973, af kr. 9.965 frá þeim degi til 31. mars 1973, af kr. 14.680 frá þeim degi til 30. apríl 1973, af kr. 20.000 frá þeim degi til 31. maí 1973, af kr. 25.330 með 9.5% ársvöxtum frá þeim degi til 30. júní 1973, af kr. 30.910 frá þeim degi til 31. júlí 1973, af kr. 36.505 frá þeim degi til 31. ágúst 1973, af kr. 42.110 frá þeim degi til 30. sept. 1973, af kr. 48.075 frá þeim degi til 31. okt. 1973, af kr. 54.046 frá þeim degi til 30. nóv. 1973, af kr. 60.100 frá þeim degi til 31. des. 1973 til 31. jan. 1974 (sic), af kr. 65.232 frá þeim degi til 28. febr. 1974, af kr. 70.364 frá þeim degi til 31. mars 1974, af kr. 75.815 frá þeim degi til 30. apríl 1974, af kr. 81.262 frá þeim degi til 15. maí 1974, en með 13% ársvöxtum af kr. 81.262 frá 15. maí 1974 til greiðsludags.

Varakrafa: Stefndu verði gert að greiða 4/7 hluta mismunar 13. og 17. launafl., efsta þreps, frá 1. jan. 1973 til 31. des. 1973, kr. 53.148, og samsvarandi mismunar 17. og 19. launafl. frá 1. jan. 1974 til 30. apríl það ár, kr. 10.552, auk 15% uppbótar, kr. 9.555, eða alls kr. 73.255, auk 7% ársvaxta af kr. 3.744 frá 31. jan. 1973, af kr. 7.488 frá 28. febr. 1973, af kr. 11.765 frá 31. mars 1973, af kr. 16.010 frá 30. apríl 1973, af kr. 20.357 frá 31. maí 1973, með 9.5% ársvöxtum af kr. 24.821 frá 30. júní 1973, af kr. 29.200 frá 31. júlí 1973, af kr. 33.675 frá 31. ágúst 1973, af kr. 38.160 frá 30. sept. 1973, af kr. 42.937 frá 31. okt. 1973, af kr. 47.715 frá 30. nóv. 1973, af kr. 51.500 frá 31. des. 1973, af kr. 54.066 frá 1. jan. 1974, af kr. 56.632 frá 28. febr. 1974, af kr. af kr. 59.198 frá 31. mars 1974, af kr. 61.923 frá 30. apríl 1974, af kr. 63.650 frá 31. maí 1974 til 15. maí 1974 (sic), en með 13.5% frá þeim degi til greiðsludags.

Þrautavarakrafa: Að stefndu verði gert að greiða stefnanda 4/7 hluta mismunar 13. og 15. launafl. frá 1. jan. 1973 til 31. des. 1973,

eða kr. 26.575, auk 15% uppbótar, kr. 3.980, auk 7% ársvaxta af kr. 1.872 frá 31. jan. 1973, af kr. 3.744 frá 28. febr. 1973, af kr. 5.863 frá 31. mars 1973, af kr. 7.929 frá 30. apríl 1973, af kr. 10.121 frá 30. maí 1973 (sic) með 9.5% af kr. 12.358 frá 30. júní 1973, af kr. 14.575 frá 31. júlí 1973, af kr. 16.910 frá 31. ágúst 1973, af kr. 19.137 frá 30. sept. 1973, af kr. 21.586 frá 31. okt. 1973, af kr. 23.995 frá 30. nóv. 1973, af kr. 26.575 frá 31. des. 1973 til 15. maí 1974, en frá þeim degi til greiðsludags með 13% ársvöxtum.

Í öllum tilvikum er krafist málskostnaðar að mati dómsins.

Það athugast, að í stefnu var þess krafist, að stefndu greiddu í Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins 10.25% lífeyrissjóðsframlag af öllum launum stefnanda fyrir nefnt tímabil. Þar eð stefndu veðfengja ekki þá skyldu sína, féllst stefnandi á að draga til baka þennan kröfulið með áskilnaði um síðari málshöfðun.

3.0

3.1. Stefndu gera þær dómkröfur aðallega, að þeir verði sýknaðir af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

3.2. Til vara krefjast stefndu þess, að þeim verði einungis gert að greiða 4/7 hluta af mismun fastra launa samkv. 13. og 15. launaflokki kjarasamnings BSRB og fjármálaráðherra fyrir tímabilið 25. janúar 1973 til 31. desember s. á.

3.3. Til ýrustu vara krefjast stefndu þess, að kröfur stefnanda verði lækkaðar að mati dómsins.

Í öllum tilvikum krefjast stefndu málskostnaðar að mati réttarins, en til vara, að málskostnaður verði látinn niður falla.

4.0

4.1. Stefnandi, Ragnhildur Smith, er starfaði sem lausráðinn þingskrifari árin 1966—1972, réðst sem fastur starfsmaður á skrifstofu Alþingis hinn 1. janúar 1973. Starfsheiti hennar var þingskrifari. Laun hennar skyldu nema 4/7 hlutum fastra launa eftir 13. launaflokki í þágildandi samningum ríkisins og BSRB og vinnutími í samræmi við það. Stefndu telja, að í upphafi hafi laun stefnanda verið ákvörðuð af forsetum Alþingis, sbr. 35. gr. og 18. gr. laga nr. 38/1954.

Hinn 31. janúar 1974 gerði Alþingi annars vegar og Starfsmannafélag ríkisstofnana f. h. þriggja þingskrifara Alþingis, þeirra Guðnýjar Júlíusdóttur, Ragnhildar Smith og Jónu Sigurðardóttur, hins vegar með sér bráðabirgðasamkomulag þess efnis, að nefndir þingskrifarar (þ. á m. stefnandi) skyldu taka laun

miðuð við 15. launaflokk í samningum BSRB. Af hálfu stefnanda er viðurkennt, að hún „hafi fallist á bráðabirgðasamkomulagið eftir á“.

Stefnandi lét af störfum, að því er virðist, hinn 30. apríl 1974. Eftir þann tíma, eða hinn 25. október 1974, gerði Alþingi og Starfsmannafélag ríkisstofnana f. h. þeirra starfsmanna Alþingis, sem þá voru meðlimir þess, með sér endanlegan kjarasamning, þar sem þingskrifurum, þ. á m. stefnanda, var raðað í 17. launaflokk BSRB frá 1. janúar 1974.

Óumdeilt er, að þær launaákvarðanir og samningar, er að framman greinir, hafi að formi til verið fullgildir og bindandi og enn fremur að stefnandi hafi fengið öll sín laun greidd í samræmi við þá. Á hinn bóginn telur stefnandi, að nefndir samningar hafi ekki að efni til verið lögmætir gagnvart stefnanda, þar sem einum starfsmanni á skrifstofu Alþingis, Jóni Ólafssyni fulltrúa, hafi verið raðað í hærri launaflokk og honum greidd laun samkvæmt því, þótt hann ynni jafnverðmæt og að öðru leyti sambærileg störf og stefnandi. Beri því að ógilda samninga stefnanda og vinnuveitanda hennar, hvað launafjárhæð snertir, og dæma henni laun eftir launaflokki þeim, er fulltrúinn tók laun eftir.

4.2. Jón Ólafsson, fulltrúinn sem stefnandi vill miða sig við, hefur starfað á skrifstofu Alþingis frá árinu 1958 og mun hafa verið fastráðinn 1969 frekar en 1965. Í málinu er lagt fram bréf skrifstofustjóra Alþingis til ríkisféhirðis frá 25. okt. 1969, þar sem fram kemur, að forsetar Alþingis skipuðu Jón Ólafsson aðstoðar-eftirlitsmann með þingskriftum á fundi sínum hinn 14. okt. 1969 og ákvörðuðu honum þá frá 1. sama mánaðar að telja laun eftir 14. launaflokki. Frá árinu 1971 frekar en 1970 er stöðuheiti hans fulltrúi. Í bréfi skrifstofustjóra Alþingis til ríkisféhirðis frá 1. febrúar 1971 kemur fram, að þann dag skipuðu forsetar Alþingis Jóni Ólafssyni í 18. launaflokk, og er starfsheiti hans í bréfinu tilgreint fulltrúi I. Í áður nefndum kjarasamningi frá 25. október 1974, sem gildi frá 1. janúar 1974, er Jóni Ólafssyni skipað í 21. launaflokk. Starfsheiti hans þar er fulltrúi.

5.0

5.1. Upplýst er, að starf stefnanda, Ragnhildar Smith, á því tímabili, er mál þetta tekur til, var í því fólgið, að hún vélritaði eftir segulbandsspólum ræður þingmanna, þ. e. vélritaði upptökur í þingsölum, sem birtar eru í umræðuparti Alþingistiðinda. Auk

Þess vann hún að fleiri vélritunarverkefnum eftir því sem til féll, svo sem vélritun á bréfum þingmanna og fleiri gögnum.

Svo sem áður greinir, var stefnanda, er hún var fastráðin hinn 1. janúar 1973, skipað í 13. launaflokk skv. samningi BSRB og ríkisins, sem gildi fyrir tímabilið frá 1. júlí 1970 til 31. desember 1973. Á fylgiskjali nr. 4 með samningnum er að finna „samkomulag um skilgreiningu og mat á störfum skrifstofufólks.“ Þar er störfum þeim, sem falla eiga undir 13. launaflokk, lýst svo:

„Hér flokkast ritarar, sem vélrita eftir handriti og segulbandi á íslenzku og erlendum málum. Þeir semja fábrotin bréf skv. munnlegum fyrirmælum um efnisatriði. Ætlast er til, að hér sé um að ræða mjög góða vélritara með góða íslenskukunnáttu. Gjaldkerar í þessum flokki geta einnig haft bókhald stofnunar með höndum. Starfsmenn í þessum flokki eiga einnig að geta sinnt endurskoðun kostnaðarreikninga og haft með höndum leiðbeiningarstörf við skrifstofuvinnu. Starfsmaður getur haft með höndum minni háttar innkaup, vörzlu lítils lagers og fært einfalt birgðabókhald, svo og stundum merkingu og greiningu margbrotinna fylgiskjala.

Mat:

Menntun: stúdentspróf	80
Starfsþjálfun	60/100
Sjálfstæði/frumkvæði	40
Tengsl	30
Ábyrgð	75
	285/325

Ofangreint mat á einkum við gjaldkera. Ritari fengi 50 stig fyrir ábyrgð á 80 fyrir starfsþjálfun, en hins vegar 60 fyrir sjálfstæði/frumkvæði og 25 stig fyrir áreynslu.“

Svo sem áður greinir, var stefnanda með samningi frá 25. október 1974 skipað í 17. launaflokk frá 1. janúar 1974. Í fylgiskjali 2 með samningi BSRB og ríkisins, er gildir frá 1. janúar 1974 til 30. júní 1976, er svo lýst störfum, sem falla eiga undir þann launaflokk:

„Til þessa launaflokks fellur starfsfólk með sérþjálfun á einhverju sviði skrifstofustarfa, svo sem meðferð og vörslu peninga. Að frátöldum störfum gjaldkera eru störf skrifstofufólks V ekki að öllu leyti háttbundin, þótt hefð eða staðlaðar leiðbeiningar og fyrirmæli móti verksvið þeirra. Um dagleg verkfyrirmæli er ekki að ræða, en starfsmanni gjarnan falin stjórn einhæfra verka, svo

sem umfangsmikið birgðabókhald. Ritarar í þessum flokki verða að vera góðir vélritarar eftir segulbandi á íslensku og a. m. k. einu erlendu tungumáli og geta unnið sjálfstætt.“

5.2. Störfum skv. launaflokki 18, en eftir þeim launaflokki tók Jón Ólafsson laun frá 1. janúar 1970 til 31. desember 1973, er svo lýst í samningi BSRB og ríkisins, þeim er gildi frá 1. júlí 1970 til 31. desember 1973:

„Starfsmaður, sem flokkast í þennan launaflokk, hefur umsjón með verki eða málaflokki. Hann getur haft eftirlit með störfum á skrifstofu og verið staðgengill yfirmanns í forföllum. Starfsmaður getur einnig unnið allsjálfstætt að verkefnum, sem eru verulega sérhæfð.

Mat:

Menntun: stúd.pr. + sérn.	110
Starfsþjálfun	60/100
Sjálfstæði/frumkvæði	105
Tengsl	30
Ábyrgð	100
	405/445

Í mati á störfum fulltrúa getur stigagjöf nokkuð færst til milli þátta. Þannig má ætla endurskoðendum bókhalds meiri ábyrgð en gert er ráð fyrir hér að ofan. Reglur, sem starfsmaður af þessu tagi starfar eftir, eru hins vegar taldar það fastmótaðar, að sjálfstæði/frumkvæði er metið til 80 stiga.“

Í samningi BSRB, er gildi tók hinn 1. janúar 1974, er launaflokki 21 lýst svo, en eftir þeim launaflokki tók Jón Ólafsson laun frá 1. janúar 1974 skv. áðurgreindum samningi frá 25. október 1974:

„Starfsmaður í þessum launaflokki hefur umsjón með verki eða málaflokki. Hann vinnur að mestu sjálfstætt að verkefnum sem krefjast verulegrar starfsþjálfunar. Starfinu fylgir ekki verulegt frumkvæði, en ákvarðanatata, úrvinnsla og skýrslugerðir eru alleinkennandi fyrir starfið. Starfsmaður getur verið staðgengill næsta yfirmanns um stundarsakir.“

Upplýst er í málinu, að Jón Ólafsson vélritaði þingræður af segulböndum og gekk að því leyti að verki við hlið stefnanda. Hann vann einnig við bréfaskriftir og fleiri verkefni fyrir þingmenn. Það er óumdeilt, að að þessu leyti gegndu stefnandi og Jón Ólafsson algerlega sams konar störfum. Á hinn bóginn hafa

stefndu haldið því fram, að Jón Ólafsson hafi gegnt ýmsum öðrum störfum, enda unnið fullan starfsdag, en stefnandi aðeins verið hálf dags starfsmaður. Telja stefndu, að sum þessara starfa hafi Jón Ólafsson unnið sjálfstætt, þau hafi gert kröfu til frumkvæðis af hans hálfu og þeim hafi fylgt ábyrgð.

Lögð hefur verið fram í málinu lýsing skrifstofustjóra Alþingis, Friðjóns Sigurðssonar, á þessum störfum Jóns Ólafssonar. Er þar m. a. talið:

1. Aðstoð við stjórn þingskrifta.
2. Vinna við ræðusafn á segulböndum.
3. Prófarkalestur.
4. Vinna við efnisyfirlit Alþingistiðinda.
5. Fjölritun í verkföllum prentara.

Þar sem málssókn þessi er einvörðungu byggð á því, að stefnandi hafi unnið algerlega „jafnverðmæt og að öðru leyti sambærileg störf“ og Jón Ólafsson og eigi því skv. lögum nr. 37/1973 rétt á sömu launum og hann, þá hefur rannsókn málsins mjög beinst að því að upplýsa nánar um störf hans og starfssvið. Skal nú nánar vikið að hverjum einstökum þætti í framangreindri starfslýsingu.

Ad. 1. Aðstoð við stjórn þingskrifta.

Svo sem fyrr greinir, var Jón Ólafsson af forsetum Alþingis sérstaklega skipaður aðstoðareftirlitsmaður með þingskriftum frá 1. október 1969 að telja. Stefndu hafa haldið því fram, að hann hafi gegnt því starfi einnig á þeim tíma, sem mál þetta snýst um. Þetta starf hafi verið einn þátturinn í fulltrúastarfi hans. Enn fremur hafi Jón sem fulltrúi verið staðgengill deildarstjóra þess á skrifstofu Alþingis, Ólafs Siggeirssonar, er stjórnaði þeirri deild skrifstofunnar, þar sem þingskriftir fara fram.

Aðrir þingskrifarar, er störfuðu á skrifstofu Alþingis á þessum tíma, en fjórar þeirra hafa höfðað mál samkynja þessu, hafa borið með stefnanda, að Jón Ólafsson hafi að engu leyti stjórnað eða haft eftirlit með þingskriftum. Þeim hafi aldrei verið tjáð, að hann væri staðgengill eða sérstakur aðstoðarmaður deildarstjórans, og þær hafi ekki litið á hann sem slíkan.

Fram kom, að deildarstjórinn hefði mætt mjög vel, nánast aldrei verið veikur eða fjarverandi.

Stefndu hafa haldið því fram, að aðalatriðið í þessu sambandi sé, að umrædd starfsskylda hafi fylgt fulltrúastarfi Jóns Ólafssonar og rétt hafi verið að taka tillit til hennar við röðun hans í launa-

flokk. Ekki sé eðlilegt, að staðgengill gjaldi þess í lækkuðum launum, þótt yfirmaður hans mæti vel og ræki starf sitt af slíkri alúð, að til staðgengils þurfi ekki að grípa um eitthvert tiltekið tímabil. Staðgengillinn þurfi jafnt að vera til taks og fær um að gegna starfi yfirmanns, ef á þurfi að halda, enda ófyrirséð, hvenær til slíks kunni að koma.

Skrifstofustjóri Alþingis, Friðjón Sigurðsson, bar m. a. eftirfarandi, þegar hann kom fyrir dóminn:

„Spurður um aðstoð Jóns við stjórn þingskrifta, segir hann, að Jón hafi verið staðgengill Ólafs við öll hans störf. Nánar aðspurt segir vitnið, að m. a. sé það fólgið í því að taka á móti pöntunum um útskriftir af ræðum þingmanna. Ennfremur að taka við segulbandsspólum frá upptökumönnum og sjá um, að af þeim sé vélritað. Þegar ræðurnar hafa verið vélritaðar og yfirlesnar, skili deildarstjóri eða aðstoðarmaður hans þeim af sér til handritalesara, Jóhannesar Halldórssonar eða aðstoðarmanns hans, sem sjái um lokaundirbúning undir prentun og taki þá við leiðréttingum frá þingmönnum, ef þær koma fram nægilega snemma. Verkefni þingskrifara sé m. a. að vélrita ræðurnar rétt og fella ekki úr. Eginlegar leiðréttingar fari fram hjá handritalesara.“

Þessum framburði Friðjóns Sigurðssonar, sem og öllum öðrum skýrslum hans hér fyrir dómnum, hefur lögmaður stefnanda mótmælt sem röngum og vilhóllum og að engu hafandi, enda hafi hann stöðu aðilja í málinu og verði framburður hans að metast í samræmi við það. Á sömu forsendu hefur lögmaður stefndu mótmælt framburðum þingskrifara þeirra starfsfélaga stefnanda, sem borið hafa vitni í málinu.

Ad. 2. Ræðusafn á segulböndum.

Vitnið Magnús Jóhannsson, upptökustjóri á skrifstofu Alþingis, hefur lýst því fyrir dómnum, að um 1952 hafi verið tekin upp hljóðritun í þingsölum. Tilgangur hljóðritunarinnar hafi framan af einvörðungu verið sá að fá þingræður orðréttar til prentunar í Alþingistíðindum. Upptökurnar hafi því verið þurrkaðar út, þegar búið var að tryggja rétta afritun, og spólurnar notaðar hvað eftir annað. Þegar frá leið, hafi deildarstjórinn Ólafur Siggeirsson og upptökumenn að eigin frumkvæði og án fyrirmæla forseta farið að halda eftir og varðveita einstakar þingræður og kallað þetta raddasafn. Fyrir nokkrum árum hafi ungir Sjálfstæðismenn ákveðið að gefa út hljómplötu með sýnishorni af ræðum Ólafs

Thors. Þá hafi komið í ljós, að búið var að þurrka tiltekna ræðu hans út. Eftir vitninu var orðrétt bókað:

„Þegar að því kom að athuga, hvort þessi ræða væri í þeim upp-tökum, sem við höfðum óumbeðið kippt til hliðar, þá kom í ljós, að svo var ekki.“

„Eftir að þetta kom fyrir, þá var fyrrskipað að halda öllu til haga. Það kostaði það, að þá þurfti að kaupa fleiri hundruð klukkutíma fyrir hvert þing.“

Síðan segir í bókuninni:

„Mætti segir, að fyrir ca 3 árum hafi verið farið að velja úr og taka aftur upp á notuð bönd. Mætti segir, að sér hafi skilist, að Jón Ólafsson hafi séð um að velja úr þingræðum, en hann segir, að sér sé ekki kunnugt um það af eigin raun.“

„Það sem ég best veit er, að spólnar koma aftur samanlímdar og úþurrkaðar til mín, þ. e. tilbúnar til endurnotkunar.“

Upplýst er, að Fálkinn annaðist gerð nefndrar hljómplötu, og kom hún út árið 1965.

Eftir skrifstofustjóra Alþingis var bókað um þetta atriði, er hann var spurður um sýnishorn af ræðum þingmanna:

„Hann segir, að 1952 hafi hljóðritun verið tekin upp. Þeir hafi byrjað á viðtækri ræðusöfnun 1967—1968, geymt þá heilu árin í þeim tilgangi að vinna síðar úr þeim. 1972 hafi Jón snúið sér að þessu verkefni af fullum krafti, þ. e. kerfisbundinni úrvinnslu, sbr. dskj. nr. 66. En á dskj. nr. 66 sé efnisyfirlit yfir það, sem lögð er áhersla á að varðveita.“

Nefnt dómsskjal hljóðar svo:

„Geymist. Þingsetning. Þinglausnir. 1. umræða fjárlaga. Allar útvarpsumræður. Vantraust. Útfærsla landhelginnar. Varnarmál. Skýrslur ráðherra og umræður um þær. Yfirlýsingar stjórnvalda, t. d. við stjórnarskipti. E. t. v. einstaka ný stórmál, sem verða að lögum. Raddasafn.“

Lögmaður stefnanda hefur mótmælt dskj. 66 sem síðari tíma tilbúningi.

Enn var bókað eftir skrifstofustjóranum:

„Nánnar aðspurður segir hann, að þessi kerfisbundna úrvinnsla hafi alfarið og eingöngu verið í höndum Jóns. Hann hafi tekið ákvarðanir um það á grundvelli dskj. nr. 66, hvað geymt yrði. Hann segir, að þessi úrvinnsla standi allt árið, enda taki þingræður-ritunin lengri tíma ár hvert eftir að farið var að prenta umræður vikulega og því sumarihlé hjá þingskrifurum mun styttra en áður.“

Ad. 3, 4 og 5. *Prófarkalestur. Vinna við efnisyfirlit Alþingistíðinda. Fjölritun á annatíma og í verkföllum prentara.*

Jóhannes Halldórsson, deildarstjóri á skrifstofu Alþingis, sér og sá á þessum tíma um útgáfu Alþingistíðinda.

Er hann kom fyrir dóminn, var m. a. eftir honum bókað:

„Vitnið segir, að Jón Ólafsson vinni mjög lítið við prófarkalestur Þingtíðinda, en tekur þó fram, að sér sé ekki fullkunnugt um það, hvað Jón lesi og hvað faðir hans Ólafur. Sá prófarkalestur, sem Jón hafi innt af hendi, hafi verið á umræðuparti og hann hafi eingöngu sinnt honum að sumrinu, mjög fáa daga og sum árin ekki neitt.

Hins vegar hafi Jón séð um fjölritun þingskjala. Einkum sé gripið til slíkrar fjölritunar, þegar annir eru svo miklar, að ekki hefst undan að prenta þingskjölin, svo og í verkföllum.

Við slíka fjölritun beri Jón ábyrgð á leiðréttingum á stenslum, þ. e. sjái alveg um fjölritunina.

Vitnið er spurt um, hvort því sé kunnugt um, að Jón Ólafsson hafi unnið við samningu efnisyfirlits Þingtíðinda.

Vitnið segir, að sér sé kunnugt um, að Jón vélriti eftir segulbandi efnisyfirlit, sem skrifstofustjórinn lesi áður inn á segulband.

Sér sé ekki kunnugt um, hvort Jón semji eitthvað sjálfstætt af efnisyfirlitinu.“

Um þetta var bókað eftir skrifstofustjóra Friðjóni Sigurðssyni:

„Um prófarkalestur segir mætti, að hann fari einkum fram í þinghléum að því er Jón snertir. Því lengri tími ársins sem þingræðuritun taki því minni tíma hafi Jón haft til prófarkalesturs og því hafi sá þáttur í starfi hans minnkað í seinni tíð. Efnisyfirlit Alþingistíðinda segist skrifstofustjórinn sjálfur semja, en Jón hafi aðstoðað sig, einkum við skjalapartinn og raunar einnig við umræðupartinn. Nánar aðspurður um prófarkalestur Jóns segir mætti, að Jón hafi einvörðungu fengist við prófarkalestur á umræðupartinum, en annar maður eða aðrir menn hafi lesið prófarkir af öðrum hlutum þingtíðindanna.“

6.0

6.1. Aðiljar urðu sammála um, eftir að mál þetta var höfðað, að leita álits Jafnlaunaráðs á sakarefninu. Í skýrslu eða úrskurði Jafnlaunaráðs, dags. 20. september 1975, eru málavextir ítarlega raktir, getið um, að ráðið hafi fjallað um málið á 8 fundum sínum og kallað fyrir sig auk stefnanda og lögmanna aðilja skrifstofu-

stjóra Alþingis, formann Starfsmannafélags Alþingis, tvo forsvarmenn Starfsmannafélags ríkisstofnana, þá er önnuðust samningsgerð fyrir hönd stefnanda í janúar og október 1974, svo og þingskrifarana Guðnýju Júlíusdóttur, Rannveigu Ágústsdóttur og Guðrúnu Ágústsdóttur. Niðurstaða Jafnlaunaráðs er þessi:

„Samkvæmt þeim upplýsingum, sem Jafnlaunaráð hefur fengið, þá virðist ekki vera hægt að bera störf stefnenda saman við störf Jóns Ólafssonar. Þrátt fyrir staðhæfingar stefnenda og trúnaðarmanna starfsmannafélags Alþingis um, að störfín séu sams konar, þá treystir Jafnlaunaráð sér ekki til að hnekkja fullyrðingum skrifstofustjóra Alþingis um það, að Jón hafi, auk vélritunar, unnið önnur þýðingarmikil störf, sem réttlættu það, að hann væri í hærri launaflokki.

Það er ljóst, að Jón Ólafsson hefur verið í háum launaflokki, en það verður ekki talið hlutverk Jafnlaunaráðs að leggja til, að hann verði lækkaður í launum.“

Jafnlaunaráð hefur ekki óskað að gerast aðili að máli þessu skv. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 37/1973.

7.0

Með 35. gr. laga nr. 38/1954 er kveðið svo á, að forsetar Alþingis hafi aðild og úrskurðarvald um réttindi og skyldur starfsmanna þingsins. Samkvæmt því ákvörðuðu forsetar Alþingis launakjör stefnanda fyrir árið 1973.

Frá ársbyrjun 1974 samdi Starfsmannafélag ríkisstofnana um launakjör stefnanda. Á því verður að byggja, að þeir samningar hafi verið gerðir með bindandi umboði til samningsgerðar.

Stefnandi hefur fengið öll laun sín greidd í samræmi við framangreindar launaákvæðanir og kjarasamninga, þ. á m. 15% álag á þá launahækkun, er hún fékk frá 1. janúar 1974, en stefnandi hefur ekki sannað, að samist hafi um eða forsetar ákvarðað nefnt álag fyrir árið 1973.

Samkvæmt skipunarbréfi forseta Alþingis frá 14. nóvember 1969 gegndi fulltrúi sá, Jón Ólafsson, er stefnandi vann með við þingræðuritun og bréfaskriftir, jafnframt starfi aðstoðareftirlitsmanns með þingskriftum og var staðgengill yfirmanns. Í staðgengilsstarfinu fólst sú starfsskylda nefnds fulltrúa að vera jafnan viðbúinn að taka við verkefnum og starfi deildarstjóra og axla þá ábyrgð, er því fylgdi.

Það er upplýst, að nefndur fulltrúi annaðist samantekt og varðveislu hins varanlega hljóðritanasafns Alþingis. Þótt hann hefði

þar við lauslegar starfsreglur að styðjast, er ljóst, að við það starf varð hann iðulega að byggja á eigin mati, þessi starfsþáttur fól í sér nokkurt sjálfstæði og frumkvæði.

Auk þessa er fram komið, að fulltrúinn hafði á hendi nokkur minni háttar aukastörf. Hann sá fréttamönnum fyrir afritum af ræðum þingmanna og sá um fjölritun þingskjala á annatímum og í verkföllum prentara og prófarkalestur stensla í því sambandi. Einnig vann hann að hluta við prófarkalestur Alþingistíðinda í þinghléum.

Gögn málsins í heild bera með sér, að starfssamband nefnds fulltrúa og vinnuveitanda hans var með nokkuð öðrum hætti en annarra þingritara. Honum hefur verið sýndur meiri persónulegur trúnaður, starf hans verið fjölþættara og umboð til ákvarðanatöku og frumkvæðis viðtækara.

Að þessu athuguðu verður ekki talið, að stefnandi hafi sýnt fram á, svo ótvírætt verði talið, að hún og fulltrúinn hafi unnið „jafnverðmæt og að öðru leyti sambærileg störf“ í merkingu 1. gr. laga nr. 37/1973. Leiðir það til sýknu í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Stefndu, forsetar Alþingis f. h. Alþingis og fjármálaráðherra f. h. rikissjóðs, eiga að vera sýknir af kröfum stefnanda, Ragnhildar Smith, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Sératkvæði

meðdómandans Öddu Báru Sigfúsdóttur.

Í 1. gr. laga nr. 37/1973 er kveðið svo á, að körlum og konum skuli greidd jöfn laun fyrir jafnverðmæt og að öðru leyti sambærileg störf. Atvinnurekendum er skv. 2. gr. sömu laga óheimilt að mismuna starfsfólki eftir kynferði. Lög nr. 78/1976 fela í sér sömu ákvæði. Telja verður, að samninga um kaup og kjör, sem fara í bága við ofangreind ákvæði, megi ógilda.

Það er óumdeilt í máli þessu, að stefnandi og Jón Ólafsson unnu bæði við vélritun á þingræðum af segulböndum, og var það aðalstarf beggja. Einnig er óumdeilt, að bæði unnu ýmis vélritunarverkefni fyrir þingmenn eftir því sem slík verkefni féllu til.

Því er haldið fram af stefndu, að karlmaðurinn hafi ásamt fyrrgreindum verkefnum unnið önnur og verðmætari störf. Kemur þá

til álita, hvort sú staðhæfing hafi verið sönnuð. Þessi verkefni eru talin:

1. Vinna við ræðusafn á segulböndum.
2. Vinna við efnisyfirlit Alþingistíðinda.
3. Fjölritun á annatímum og í verkföllum prentara.
4. Prófarkalestur.
5. Aðstoð við stjórn þingskrifta.

Um 1.

Jón Ólafsson hefur síðustu árin auk vélritunar haft það starf með höndum að taka frá til geymslu segulbönd með þeim þingræðum, sem varðveita á. Stefnandi hefur ekki unnið þetta starf, og þess hefur ekki verið farið á leit við hana, að hún tæki þátt í því. Þessi verkþáttur virðist vera eini raunverulegi munurinn á störfum stefnanda og Jóns.

Um 2, 3 og 4.

Skrifstofustjóri Alþingis ber, að Jón vinni einnig við prófarkalestur, hann vinni við efnisyfirlit Alþingistíðinda og annist fjölritun á annatímum og í prentaraverkföllum.

Jóhannes Halldórsson deildarstjóri, sem sér um útgáfu Alþingistíðinda, ber um prófarkalesturinn, að hann (Jón) hafi eingöngu sinnt honum að sumrinu, mjög fáa daga og sum árin ekki neitt. Um vinnuna við efnisyfirlitið segir hann, að sér sé kunnugt um, að Jón vélriti eftir segulbandi efnisyfirlit, sem skrifstofustjórinn lesi áður inn á segulband. Sér sé ekki kunnugt um, hvort Jón semji eitthvað sjálfstætt af efnisyfirlitinu. Staðfest er, að Jón vinnur við fjölritun, þegar ekki hefst undan með prentun þingskjala og í verkföllum.

Allt það, sem hér er talið, eru minni háttar verk, sem með engu móti geta talist verðmætari en vélritun eftir segulböndum.

Um 5.

Jón Ólafsson var skipaður aðstoðareftirlitsmaður með þingskriftum með bréfi til ríkisfóhbirðis árið 1969. Ekki kemur fram í þessu bréfi, í hverju aðstoðareftirlitsstarfið sé fólgið. Hið eina, sem fram kemur um starfið í öðrum gögnum, er vitnisburður skrifstofustjóra Alþingis, sem ber, að Jón hafi verið staðgengill Ólafs Siggeirssonar, hann taki við segulbandsspólum frá upptöku-mönnum, sjái um, að af þeim sé vélritað, og skili vélrituðum ræðum til handritalesara. Þessi framburður stangast á við framburð

stefnanda og annarra þingritara. Þær segjast ýmist hafa sótt segulbandsspólur sjálfar til upptökumanna eða sendlar hafi komið með þær, eftir að flutt var í annað hús í janúar 1973. Áður kom Ólafur með spólurnar. Verkefnunum kváðust þær hafa skilað til Ólafs. Allir þeir þingritarar, sem komu fyrir réttinn, bera, að Jón hafi engin afskipti haft af vinnu þeirra og unnið sín störf á sama hátt og þær. Skrifstofustjórinn segir aðspurður, að þingskrifurum hafi ekki verið tilkynnt, að Jón Ólafsson væri aðstoðar-eftirlitsmaður með þingskriftum.

Af því, sem nú hefur verið rakið, er ljóst, að hér hefur verið beitt þeirri alkunnu aðferð að nota mismunandi stöðuheiti til þess að mismuna starfsfólki í launum, án þess að um mun á störfum sé að ræða. Slíkt athæfi er í andstöðu við það grundvallaratriði laga um Jafnlaunaráð, að atvinnurekendum sé óheimilt að mismuna starfsfólki eftir kynferði.

Þau störf, sem talin eru undir 2—4, geta ekki talist verðmætari störf en vélritun, og stefndu hafa ekki sannað, að stöðuheiti í lið 5 feli í sér sérstök störf.

Hins vegar hefur stefnandi ekki lagt neitt fram í málinu, sem felur í sér mat á þeim verkþætti, sem Jón vinnur einn og greint er frá undir lið 1. Því telst það ekki sannað, að þar geti ekki verið um verðmætara starf að ræða.

Með skírskotun til þess, að hér er aðeins um óvissu að ræða hvað snertir einn mjög takmarkaðan verkþátt, en að öðru leyti jafnverðmæt og sambærileg störf, verða launasamningar, sem fela í sér 5 launaflokka mun milli launa karls og konu, sem störfin vinna, að teljast brot á lögum um Jafnlaunaráð. Þess vegna ber að ógilda samninga um launakjör stefnanda, sem um er að ræða í máli þessu.

Með hliðsjón af ofanrituðu og öllum málsatvikum pykir rétt að fallast á varakröfu stefnanda, að undanskilinni kröfunni um 15% greiðslu á launamismun fyrir árið 1973.

Málskostnaður fellur niður.

Dómsorð:

Stefndu, fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs og forsetar Alþingis f. h. Alþingis, greiði stefnanda, Ragnhildi Smith, kr. 65.283 auk 7% ársvaxta af kr. 3.744 frá 31. janúar 1973, af kr. 7.488 frá 28. febrúar 1973, af kr. 11.765 frá 31. mars 1973, af kr. 16.010 frá 30. apríl 1973, af kr. 20.357 frá 31. maí 1973, með 9.5% ársvöxtum af kr. 24.821 frá 30. júní 1973, af kr.

29.300 frá 31. júlí 1973, af kr. 33.675 frá 31. ágúst 1973, af kr. 38.160 frá 30. september 1973, af kr. 42.937 frá 31. október 1973, af kr. 47.715 frá 30. nóvember 1973, af kr. 51.500 frá 31. desember 1973, af kr. 54.066 frá 1. janúar 1974, af kr. 56.632 frá 28. febrúar 1974, af kr. 59.198 frá 31. mars 1974, af kr. 61.923 frá 30. apríl 1974, með 13.5% ársvöxtum af sömu upphæð frá 15. maí 1974 og af kr. 63.650 frá þeim degi til greiðsludags.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 1. júní 1978.

Nr. 182/1975. **Ragnar Vigfússon**

(Magnús Thorlacius hrl.)

gegn

Álftafelli h/f

(Hákon Árnason hrl.).

Vinnuslys. Skaðabótamál. Sýkna.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Ármann Snævarr, Benedikt Sigurjónsson, Björn Sveinbjörnsson, Logi Einarsson og Magnús Þ. Torfason.

Áfrýjandi hefur skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 23. desember 1975, að fengnu áfrýjunarleyfi 18. s. m. Hann gerir þær dómkröfur, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 1.647.789 krónur með 12% ársvöxtum frá 4. mars 1972 til 15. júlí 1974, en 13% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags og svo málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál, en áfrýjandi fékk gjafsókn fyrir Hæstarétti með bréfi dómsmálaráðuneytis 21. apríl 1976.

Stefndi krefst aðallega sýknu og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda, en til vara, að kröfur áfrýj-